



Ársfundur Sjálfbærni-verkefnisins 2017

MAT Á SJÁLFBÆRNIVÍSUM Á AUSTURLANDI: ÞRÓUN OG VÆNTINGAR

Sigrún Birna Sigurðardóttir verkefnisstjóri, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



Markmið úttektar

- Áhersla var lögð á að rýna samfélagsvísana og framtíðarvæntingar til verkefnisins
- Markmið:
 1. Að leggja mat á þá samfélagsvísa sem valdir hafa verið í sjálfbærnaverkefninu:
 - i. Rýna markmið og val á vísum, endurskoðun og umbætur
 - ii. Rýna verklag og samstarf
 - iii. Rýna afrakstur og birtingu niðurstaðna
 2. Að greina samfélagsvísana með hliðsjón af félagsvísum sem gefnir eru út af Hagstofu Íslands
- **Verkefnið byggði á greiningu eftirtalinna gagna:**
 - fyrirbyggjandi gagna á heimasíðunni www.sjalfbaerni.is
 - opinberum gögnum og rýni á áhrifum framkvæmda
 - fræðigreinum og skýrslum um viðfangsefni sjálfbærrar þróunar
 - átta eigindlegum viðtölum við fulltrúa samstarfsaðila – sjálfsmat hagsmunaaðila
 - fimm viðhorfsspurningum tengdum þekkingu á verkefninu sem sendar voru á spurningavagn Félagsvísindastofnunnar
 - **Upplýsingum af ársfundi 2017 um framtíðaráskoranir og þróun**





Eigindleg viðtöl

Þátttakendur

- Valdir í samráði við verkkaupa
- Fulltrúar ólíkra hagsmunaaðila sem komu að verkefninu á ólíkum stigum og á ólíkum forsendum

Bakgrunnur þátttakenda

Aðkoma að verkefni	Fjöldi
Þróun	2
Samráð/stýrihópur	3
Úttekt eða fyrra mat	1
Hagsmuna / hagnýtingaraðili	2

Framkvæmd

- Tilkynning og upplýsingar um rannsókn voru sendar út í tölvupósti
- Verkefnastjóri hringdi skömmu síðar til að festa tíma fyrir símaviðtal
- Hannaður var viðtalsrammi með fimm meginþemum:
 - Verklag i upphafi
 - Hverju hefur verkefnið skilað og til hverra
 - Eftirfylgni og hagnýting upplýsinga
 - Framtíðarsýn verkefnis





Þjóðmálakönnun

- Netkönnun frá 16. mars - 3. maí 2017
- 1500 manna lagskipt tilviljunarúrtak – auk 233 manna viðbótarúrtak á Austurlandi
- 65% svarhlutfall, gögn vigtuð út frá eftir kyni, aldri, búsetu og menntun í lokaskýrslu
- Spurt var um:
 1. *Hversu vel eða illa þekkir þú til hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar?*
 2. *Hversu vel eða illa þekkir þú til sjálfbærni-verkefnis Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar, sem fylgjast með áhrifum Kárahnjúkavirkjunar og álversins á Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi? **
 3. *Hversu vel eða illa þekkir þú þá vísa sem verkefnið fylgist með? Verkefnið fylgist með þróun 16 samfélagsvísa, 24 umhverfsvísa og 5 efnahagsvísa.*
 4. *Hversu vel eða illa þekkir þú til heimasíðu verkefnisins www.sjalfbaerni.is?*
 5. *Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta fyrir sjálfbæra þróun og samfélagsuppbyggingu til framtíðar á Austurlandi að gagnasöfnun verkefnisins verði haldið áfram?*





Landfræðileg skipting gagna á Austurlandi

- Litið var til skilgreiningar sjálfbærniverkefnisins á „Austurlandi“ (fyrir utan Djúpavog) og „Mið-Austurlandi“
 - *“Í þessu verkefni er Austurland skilgreint sem svæðið frá Langanesi í norðri og til Skeiðarárssands í suðri. Mið-Austurland er svæðið frá Fljótsdalshéraði í norðri til Breiðdals í suðri. Þrjú sveitarfélög tilheyra Austurlandi en ekki Mið-Austurlandi: Vopnafjörður, Djúpivogur og Hornafjörður.”*





Val á vísum og verklag i upphafi – frumniðurstöður úr viðtölum


- Almenn ánægja með verklag, talið faglegt og unnið að heillindum
- Aðilar í samráðshópnum upplifuðu að raddir þeirra fengu að heyrast og að um faglegan rökstuðning var um að ræða þegar hugmyndum var hafnað
- Þátttakendur minnst líflegra umræðna um hvernig meta megi menningarviðburði
- Það var tíðrætt um hlutfall ákveðinna starfsstétta í samráðinu og vangaveltur um hvort þeirra hugmyndir hafi verið áberandi í útfærslu vísanna
- Þátttakendur nefna engar sérstakar hömlur eða eitthvað sem æskilegra hefði verið að gera á annan hátt í þessu ferli
- Að stofna til samráðs um verkefnið í samfélaginu hafi eflaust verið eitt mikilvægasta skrefið sem hægt var að taka á þessum tíma til að „lægja öldurnar í samfélaginu“





Rýni - Þróun sjálfbærnivísa og verklag

Mynd 1. Sjálfbærniverkefni: verklag





Samfélagsvísar og sjálfbærnistefnumið fyrirtækjanna

- *“Samfélagsvísar fjalla um þær stoðir sem mynda samfélagið sem við búum í. Sem dæmi um stoðir má nefna fjölda og samsetningu íbúa, vinnu- markaðinn, skóla, samgöngur, öryggi íbúa, ýmsa opinbera þjónustu og menningarviðburði.”*
- **Sjálfbærnistefnumið sem samfélagsvísarnir svara:**
 - Virðum og verndum fólk
 - Höfum uppbyggileg áhrif á samfélagið
 - Stuðlum að langtíma efnahagslegum ábata
 - Hvetjum til samstarfs við hagsmunaaðila
 - Sýnum ábyrgð og góða stjórnun





Hverjir eru hagnýtingaraðilarnir umfram eigendur?

*Þetta sjálfbærniverkefni rennir stoðum undir þá langtímaskuldbindingu Alcoa og Landsvirkjunar að mæla árangur við að **ná stefnumiðum um sjálfbærni sem fyrirtækin hafa sett sér** vegna byggingar og reksturs virkjunar, flutningslína og álvers. Stefnumiðin, vísarnir og mælikvarðarnir sem þróaðir hafa verið í þessu verkefni munu hjálpa fyrirtækjunum að samþætta sjónarmið sjálfbærrar þróunar í framkvæmdum bæði á byggingar- og rekstrartíma.*

[...] Þótt þetta verkefni beinist að sjálfbærni í tengslum við framkvæmdir á Austurlandi er notagildi þess víðtækara. Sjálfbærniverkefnið er tilraunaverkefni og mun vonandi nýtast sem fyrirmynd fyrir önnur verkefni sem fyrirtækin munu standa að í framtíðinni.





Heimilisfesti sjálfbærniverkefnisins

- Verkefnið gengur út frá þríþættri hugmyndafræði sjálfbærar þróunar um samspil efnahags-, umhverfis- og samfélagslegra þátta – of metnaðarfullt?
- Mikið lagt í að safna gögnum sem ekki kemur fyrirtækjarekstrinum við – og eins gefa upplýsingar um reksturinn sem þeim er ekki skylt
- Tækifæri til fjölbreyttrar hagnýtingar en hlutleysi gagnanna er vandamál
 - Gegnsæi í eigendahaldi og markmiðum mótvægi við upplifun á „grænþvotti“ og eflir traust til gagnanna
- Á sjálfbærniverkefnið betur heima undir samfélagsábyrgð fyrirtækjanna tveggja - með skýrari sýn á t.d. vinnuvistfræðilega þætti og áhrifaþætti sjálfbærrar þróunar „innan húss“?





Hverju hefur verkefnið skilað – frumniðurstöður viðtala

- Afurðir verkefnisins og gildi þeirra er almennt talið einstakt
- Nú megi loks nýta þær á breiðum vettvangi eftir 10 ára gagnasöfnun
- Mikil trú hagnýtingargildi gagna
 - T.a.m. í skólakerfinu til vitundarvakningar og verkefnagerðar, í fræðasamfélaginu til þekkingarsköpunar, hjá stjórnvöldum og sveitarfélögum í stefnumótun, sem innblástur fyrir aðrar stórframkvæmdir á alþjóðavettvangi
- Hins vegar er lítið er vitað um raunverulega hagnýta notkun af þriðja aðila fyrir utan nýtingu framkvæmdaraðila (t.d. Sjálfbærniverkefni Þeystareykjavirkjunar)
- Fræðimenn og faglegir ráðgjafar eru ekki taldir líklegir hagnýtingaraðilar af viðmælendum í slíkum stöðum





Aðgengi gagna og þekking á verkefninu – frumniðurstöður úr viðtölum


- Hömlur á hagnýtingu eru aðallega taldar vera vegna skorts á vitneskju um verkefnið og svo erfitt aðgengi að tölulegum upplýsingum á heimasíðunni. Hún er ekki talin vera góð gagnaveita af þeim sem þekktu til, torfærð uppbygging
- Almennt var talið að þekking á verkefninu væri best á Austfjörðum en afar takmörkuð á landinu öllu. Ef það ætti að efla hagnýtingu þess og nýta það vandaða starf sem búið væri að leggja fram – yrði að kynna verkefnið betur í heimabyggð og á landsvísu
 - Skólaumhverfið var talið vera sérstaklega hentugt til þess að vekja athygli á verkefninu til framtíðar





1. HVERSU VEL EÐA ILLA ÞEKKIR ÞÚ TIL HUGMYNDAFRÆÐI SJÁLFBÆRRAR ÞRÓUNAR?


■ Frekar eða mjög vel ■ Hvorki vel né illa ■ Frekar eða mjög illa ■ Ekkert





2. HVERSU VEL EÐA ILLA ÞÉKKIR ÞÚ TIL SJÁLFBÆRNIVERKEFNIS ALCOA FJARÐAÁLS OG LANDSVIRKJUNAR?

■ Frekar eða mjög vel ■ Hvorki vel né illa ■ Frekar eða mjög illa ■ Ekkert




HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Þeir sem þekktu frekar, illa eða ekkert til verkefnisins fengu ekki næstu spurningar




3. HVERSU VEL EÐA ILLA ÞEKKIR ÞÚ ÞÁ VÍSA SEM VERKEFNIÐ FYLGIST MEÐ?






4. HVERSU VEL EÐA ILLA ÞÉKKIR ÞÚ TIL HEIMASÍÐU VERKEFNISINS WWW.SJALFBAERNI.IS?





5. HVERSU MIKLU EÐA LITLU MÁLI TELUR ÞÚ ÞAÐ SKIPTA FYRIR SJÁLFBÆRA ÞRÓUN OG SAMFÉLAGSUPPBYGGINGU TIL FRAMTÍÐAR Á AUSTURLANDI AÐ GAGNASÖFNUN VERKEFNISINS VERÐI HALDIÐ ÁFRAM?

■ Frekar eða mjög vel ■ Hvorki vel né illa ■ Frekar eða mjög illa ■ Ekkert





Staða samfélagsvísa í dag

- **Bein áhrif** – áhrif sem er hægt að rekja beint til byggingar eða reksturs virkjunar og álvers
 - **Óbein áhrif** – áhrif sem geta verið af völdum framkvæmdanna, en breytingar geta líka verið af öðrum ástæðum, ótengdum framkvæmdum
 - **Afleidd áhrif** – áhrif sem eru ekki beinlínis tengd framkvæmdunum, en geta stafað af athöfnum annarra sem hugsanlega láta framkvæmdirnar hafa áhrif á ákvarðanir sínar og athafnir
- **2 vísar eru í endurskoðun vegna vandamála við gagnaöflun**
 - **3 vísar hafa verið lagfærðir lítillega**
 - Vísir 1.2. Ánægja starfsfólks – ekki stuðst við kannanir frá VR, heldur eingöngu árlega könnun Gallup
 - Vísir 1.3 Öryggi starfsfólks – skilgreining á töpuðum vinnustundum vegna tilkynntra vinnuslysa gefin upp sem hlutfall á hverjar 200.000 klst
 - Vísir 1.4. Menntun og þjálfun starfsfólks – tekur til starfsmanna Fljótdalsstöð en ekki starfsmanna Landsvirkjunnar



- 1.1 Kynjahlutfall í vinnuafli (bein)
- 1.2 Ánægja starfsfólks (bein)
- 1.3 Öryggi starfsfólks (bein)
- 1.4 Menntun og þjálfun starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar (bein)
- 1.5 Samfélagsleg virkni starfsfólks (bein)
- 1.6 Íslenskum lögum og reglugerðum fylgt (bein)
- 1.19 Viðhorf samfélags til starfsemi Fjarðaáls og Landsvirkjunar (bein)

1.11 Lýðfræðilegar breytingar (afleidd)

1.12 Vinnumarkaðurinn (óbein)

1.13 Atvinnuleysi (afleidd)

1.14 Tekjur íbúa (afleidd/bein)

1.15 Fasteignaverð (óbein)

1.17 Gæði skóla (afleidd)

1.18 Samfélagsleg velferð / afbrot og umferðarslys (afleidd)

Í endurskoðun:

1.16 Opinber þjónusta í nálægum byggðum

1.20 Framboð á menningarviðburðum



Félagsvísar Velferðarráðuneytis og Hagstofu

- Markmið
 - draga upp heildarmynd af ástandi þar sem velferð, heilbrigði, vellíðan og þarfir íbúanna eru í brennidepli, en fyrst og fremst eru félagsvísar tæki sem eiga að greina hópa í vanda og þar sem samfélagslegar aðgerðir og þjónusta skila ekki tilætluðum árangri
 - að einfalda aðgengi almennings, stjórnvalda, hagsmunaaðila og rannsakenda að skilgreindum upplýsingum sem varpa ljósi á þjóðfélagsástand
 - styðja við stefnumótun stjórnvalda





Félagsvísar Velferðarráðuneytis og Hagstofu - Fjórir meginflokkar árið 2016

• Heilsa (5 vísar)

- Mat fólks á eigin heilsu
- Lyfjanotkun
- Lífsvenjur og heilsa
- Einstaklingar sem neita sér um heilbrigðisþjónustu
- Útgjöld til heilbrigðismála

• Börn (5 vísar)

- Börn á heimilum undir lágtekjumörkum og sem skortir efnisleg gæði
- Mat barna á fjárhag foreldra sinna
- Lífsvenjur barna
- Börn og heilsa
- Börn með umönnunarmat



Lífsgæði, lífskjör og velferð (14 vísar)

- Tekjudreifing og lágtekjumörk
- Skortur á efnislegum gæðum
- Mat á fjárhagsvanda eftir heimilisgerð
- Ráðstöfunartekjur lífeyrispega eftir kyni og tegund lífeyris
- Lífeyrisþegar
- Heimili sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi
- Ungt fólk í foreldrahúsum
- Staða á húsnæðismarkaði og húsnæðiskostnaður
- Útgjöld til félagsverndar
- Einstaklingar í alvarlegum vanskilum að meðaltali í hverjum mánuði
- Eignir og skuldir heimila eftir tíundarbílum tekna
- Eignir og skuldir heimila eftir tíundarbílum eigna
- Fjöldi gjaldþrotaúrskurða á búum einstaklinga eftir kyni
- Öryggi, afbrot og löggæslu

Lýðfræði og virkni (15 vísar)

- Lýðfræði og uppruni
- Leikskólabörn
- Skólasókn á framhaldsskólastigi
- Hlutfallsleg skipting nemenda á framhaldsskólastigi eftir tegund náms
- Tvítugir stúdentar, % af mannfjölda á sama aldri
- Brautskráning á framhaldsskólastigi eftir tegund prófs, kyni og aldri
- Skólasókn á háskólastigi eftir kyni og aldri
- Nemendur á háskólastigi eftir námssviðum
- Brautskráning á háskólastigi eftir kyni, aldri og námssviðum
- Atvinnuþátttaka og vinnutími
- Karlar og konur á vinnumarkaði eftir menntunarstigi
- Atvinnuleitendur
- Atvinnuleysisbætur og vinnumarkaðsúrræði
- Fólk utan vinnumarkaðar
- Útgjöld til menntamála eftir skólastigi, % af VLF




Samheldni – gögnum ekki safnað fyrir Ísland 2016

- **Ánægja með lífið**
- Traust til stjórn mála
 - Ríkisstjórnar
 - Sveitastjórnar
 - Stjórnmalaflokka
- **Væntingar til atvinnu og efnahags (Betra-verra að ári)**
 - Efnahagur að ári
 - Atvinnulíf að ári
 - Eigin atvinnustöðu að ári
 - Fjárhagsstöðu heimilis á árinu



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



BYGÐARANNÓKNASTOFNUN
ÍSLANDS



brúnaðarfélag
Austurlands



Bygðastofnun



ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ



Framtíðarsýn – frumniðurstöður úr viðtölum

1. Fæstir töldu sig nægjanlega upplýsta í dag til þess að skera úr um hvort að verkefnið hafi skilað því sem því var ætlað miðað við yfirlýstan tilgang þess í upphafi
2. Var talið að það yrði verkefninu til góðs að bæta úr aðkomu ólíkra hópa til þess að mæta einsleitni í hagsmunahóp (eftir að Landvernd dró sig úr samstarfinu)
3. Þótt það ríki mikið gagnsæi í verkefninu var rætt töluvert um hlutleysi eigenda, óháða gagnasöfnun og takmarkandi hagnýtingmöguleika gagnanna vegna eigendahalds
4. Allir þátttakendur telja að það sé full þörf á að halda verkefninu gangandi, áhrif væru lengi að koma fram en skoðanir voru skiptar um hlutverk þess í framtíðinni
 - Annars vegar að auka sveigjanleika þess til að auka við lýðfræðilegar breytur sem myndu gagnast fleiri hagsmunaaðilum
 - Hins vegar að takmarka verkefnið að beinum áhrifaþáttum í rekstrinum en mögulega bæta við áhugaverðum þeimum hverju sinni





Framtíðarvæntingar - samantekt

1. Bæta þarf aðgengi gagna – nýr vettvangur?
2. Efla kynningarstarf – laða að hagnýtingaraðila
3. Samráð við hagnýtingaraðila
 - Mætir verkefnið þörfum þeirra - hverra?
4. Skilgreina þarf áhrif (impact) verkefnisins betur með tilliti til eignarhalds og hugmyndafræði
 - Takmarka verkefnið að því sem það í raun er – sem hluti af samfélagsábyrgð (beinir áhrifaþættir)?
 - Fullnýta möguleika þess til að hafa áhrif á sjálfbærni í samfélaginu og þær áskoranir sem samfélögin glíma við?

